

MINNISBLAÐ		
Verknúmer 2424-075	Verkkaupi Garðabær	Dagsetning 10.7.2015
Verkheiti Urriðaholt – Yfirborðsfrágangur 2015		
Málefni Niðurstaða tilboða í verkið		
Sendandi Guðmundur Guðnason		
Dreifing Eysteinn Haraldsson		

Tilboðin voru opnuð hjá Eflu hf., Höfðabakka 9, 110 Reykjavík föstudaginn 3. júlí kl. 14:00
Eftirfarandi tilboð bárust:

Bjóðendur	Tilboðsverð við opnun	Hlutfall af kostn. áætlun	Tilboðsverð eftir yfirferð	Hlutfall af kostn. áætlun
1 Loftorka Reykjavík ehf.	88.577.500	104,3%	88.577.500	104,3%
2 Wium ehf./Bergbór ehf.	82.127.600	96,7%	82.127.600	96,7%
3 Lóðabjónustan ehf.	82.540.000	97,2%	82.540.000	97,2%
4 Gott verk ehf	76.389.808	90,0%	76.389.300	90,0%
Kostnaðaráætlun	84.902.000	100,0%	84.902.000	100,0%

Fylgiskjal 1 sýnir yfirlit og yfirferð á fylgiskjöllum bjóðenda í verkið og mat á gildi þeirra.

Farið hefur verið yfir tilboð lægstbjóðanda frá Góðu verki ehf. kt. 690411-0240 m.t.t. krafna í útboðsgögnum. Eina atriðið sem leggja þarf mat á er að yfirstjórandi verksins, sem er tengdur eigenda lægstbjóðanda, var 50% eigandi í sambærilegu fyrirtæki sem var stofnað í maí 2008 en varð gjaldþrota í sept. 2011. Útboðsgögn heimila að hafna tilboðinu á þessari forsendu, hins vegar er lagt til að það sé ekki gert þar sem tæp fjögur ár eru liðin frá því.

Gott verk ehf. var stofnað í maí 2011 og er með rúmlega 4 ára rekstrarsögu. Það er í skilum með skatta og lífeyrirsjóðsgreiðslur og hefur lagt fram verktryggingu fyrir verkið. Sjá nánari umfjöllum á blaðsíðu 2 og 3.

Mælt er með að því tilboði lægstbjóðanda, Gott verks ehf. kt. 690411-0240 verði tekið.

Með kveðju
Guðmundur Guðnason

Yfirferð á lögstjóðanda

Grein 0.1.3 Upplýsingar um bjóðendur, í útboðsgögnum

A Kröfur um hæfni og reynslu, a.m.k. eitt verk á svipað eðlis á sl. 5 árum.

Gott verk hefur unnið t.d. 2 sambærileg verk í Urriðaholti 2013 og 2014. Krafa telst uppfyllt.

Bjóðandi skal vinna skv. skilgreindu gæðakerfi.

Bjóðandi vinnur skv. skilgreindu gæðakerfi Samtaka iðnaðarins. Krafa er uppfyllt.

B Krafa um eigið fé, eigið fé bjóðanda skal vera jákvætt.

Afrit af árituðum ársreikningi sýnir jákvætt eigið fé, áritaður af skoðunarmanni. Krafa er uppfyllt.

C Krafa um eðlilega viðskiptasögu:

Texti úr útboðslýsingu

„Ef könnun á viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda bjóðanda leiðir í ljós greiðslu- eða gjaldprot eða sambærileg atvik er varða bjóðanda, stjórnendur eða eigendur hans s.l. 5 ár, áskilur verkkaupi sér rétt til að hafna tilboði hans, enda eigi í hlut öldungis sams konar rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur (eða skyldmenni eða tengdafólk fyrri eigenda), í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með nýja kennitölu.“

Yfirstjórandi fyrir Gott verk ehf. er Sigurður Ágúst Marelsson kt. 090877-4029, hann er maki eigenda félagsins sem er Hrafna Júlíusdóttir kt. 180583-5139.

Sigurður var 50% eigandi SÁ Verklausna ehf. (stofnað í maí 2008) sem varð gjaldþrota sept. 2011.

Gott verk ehf. var stofnað í maí 2011.

Hér er um tengda aðila að ræða í nær sömu atvinnustarfsemi með nýja kennitölu.

SÁ Verklausnir vann m.a. að byggingu farþegahúss í Landeyjahöfn 2010, yfirborðsfrágang í Urriðaholti 2010 og nýtt gufubað á Laugarvatni 2011 en kláraði ekki það verk vegna gjaldþrots.

Viðskiptasaga fyrirtækis, eigenda og stjórnenda hefur verið könnuð.

Ekki verður annað séð en að Gott verk ehf. sé í ágætum rekstri skv. ársreikningi. Rúm 4 ár eru frá stofnun þess. Hvorki Gott verk ehf. né eigandi þess Hrafna Júlíusdóttir eru á vanskilaskrá en hins vegar er Sigurður yfirstjórnandi þess á vanskilaskrá með árangurslaust fjárnám árið 2012. Sem er tilkomið vegna ábyrgðar fyrir SÁ Verklausnir.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að hafna tilboði með vísan í viðskiptasögu tengdra aðila eða stjórnendur síðustu 5 ára.

Í þessu tilfelli er ekki óeðlilegt að horfa til þess að fyrirtækið sem fór í gjaldþrot var stofnað rétt fyrir hrun og mörg fyrirtæki fóru illa út úr því, þó ekki sé vitað hvaða áhrif hrúnið hafði á umrætt fyrirtæki. Einnig að rekstur á Góðu verki ehf. sem staðið hefur yfir í 4 ár virðist vera eðlilegur.

Því er mælt með því að tilboðinu sé ekki hafnað á þessari forsendu.

D Aðrar upplýsingar

Gott verk ehf. hefur lagt fram verktryggingu frá Íslandsbanka án skilyrða.

Skilað hefur verið inn almennum upplýsingum um bjóðanda, starfslið og reynslu manna sem ekki eru gerðar athugasemdir við.

Grein 0.4.2 Fylgigögn með tilboði, í útboðsgögnum

Bjóðandi skilaði inn tilskyldum fylgiskjöllum með tilboði

	Gott verk ehf.
Fylgiskjöl með tilboði	
1 Tilboðsblað	Já
2 Tilboðsblað	Já
3 Staðfesting, skil um opinber gjöld	Já
4 Staðfesting, skil um lífeyrissjóðsgjöld	Já ⁶
5 Lýsing á gæðakerfi	Já

Ath. 6. Staðfesting um að bjóðandi sé í skilum en tekið fram að síðustu greiðslur voru fyrir apríl þann 30. júní 2015

Texti úr útboðslýsingu:

„Ef um bjóðanda gildir eitt eða fleiri af eftirtöldum atriðum við opnun tilboðs, verður ekki gengið til samninga við hann:

1. Bjóðandi er í vanskilum með opinber gjöld.
2. Bjóðandi er í vanskilum með lífeyrissjóðsgjöld starfsmanna.
3. Þú fyrirtækis er undir gjaldþrotaskiptum eða félaginu hefur verið slitið, það hefur fengið heimild til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
4. Óskað hefur verið gjaldþrotaskipta eða slita á fyrirtæki, það hefur leitað heimildar til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
5. Fyrirtæki hefur með endanlegum dómi verið fundið sekt um refsivert brot í starfi.
6. Fyrirtæki hefur sýnt alvarlega vanrækslu í starfi sem kaupanda er unnt að sýna fram á.
7. Fyrirtæki hefur gefið rangar upplýsingar um fjárhagslega og tæknilega getu sína eða hefur ekki lagt slíkar upplýsingar fram.

Við mat á því hvort skilyrði 3. og 7. töluliðar eigi við um fyrirtæki skal litið til þess hvort um sé að ræða sömu rekstrareiningu, með sömu eða nær sömu eigendur í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi á sama markaði, án tillits til þess hvort fyrirtækið hafi skipt um kennitölu eða verið stofnað að nýju. Í þessu skyni er heimilt að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda.“

Í þessari grein útboðsgagna er verið að leggja mat á stöðu bjóðenda við opnun tilboða en í grein 0.1.3, sbr. umfjöllun hér að framan, er horft aftur til síðustu 5 ára.

Eina atriðið sem gæti komið til álita hér undir er liður nr. 3 vegna fortíðar yfirstjórnenda verksins, sbr. umfjöllun á síðunni hér að framan. Það er hins vegar tæplega 4. ára gamalt mál og fellur undir grein 0.1.3 Upplýsingar um bjóðendur, lið C - Krafa um eðlilega viðskiptasögu.

Ekkert af ofangreindum atriðum telst því eiga við lægstbjóðanda.

Fylgiskjal 1

Urriðaholt - Yfirborðsfrágangur 2015

Yfirlit og yfirferð yfir fylgiskjöl bjóðenda í verkið og mat á gildi þeirra.

	Loftorka Reykjavík ehf.	Wiium ehf. ¹	Lóðabjónustan ehf.	Gott verk ehf.
Fylgiskjöl með tilboði				
1 Tilboðsblað	Já	Já	Já	Já
2 Tilboðsblað	Já	Já	Já	Já
3 Staðfesting, skil um opinber gjöld	Nei ³	Nei ²	Nei ⁵	Já
4 Staðfesting, skil um lífeyrissjóðsgjöld	Nei ⁴	Já	Já	Já ⁶
5 Lýsing á gæðakerfi	Nei	Já	Já	Já

Athugasemdir

- Wiium ehf, kt. 460303-2220 skrifar undir tilboðið en einnig er sett nafnið Bergþór ehf. án kennitölu. Fulltrúi Wiium skrifar undir tilboðið. Litið er á að Wiium ehf. sem bjóðenda í verkið og Bergþór ehf sem undirverktaka, þar sem ekkert frekar kemur fram um þetta í gögnum.
- Staðfesting um skil á opinberum gjöldum var á Borgun ehf. ekki Wiium ehf. Hins vegar fylgdi líka með tölulegt yfirlit frá Wiium um gjaldfallið og ógreitt 711.863 kr.
- Loftorka skilaði inn 11 daga gamalli staðfestingu um að vera í skilum, krafa gagna um að staðfesting skuli vera max 5 daga gömul
- Loftorka skilaði inn 11 daga gamalli staðfestingu um að gert hefði verið greiðslusamkomulag, krafa gagna um staðfesting skuli vera max 5 daga gömul
Síðast greitt fyrir febrúar 2015 en gengið hafi verið frá greiðslusamkomulagi iðgjalda fyrir mars-apríl 2015.
- Staðfesting var í formi útprintun á tölvupósti sem sagði að samningur dagsettur 31. mars 2015 væri í skilum. Þetta telst ekki fullnægjandi staðfesting.
- Staðfesting um að bjóðandi sé í skilum en tekið fram að síðustu greiðslur voru fyrir apríl þann 30. júní 2015.

7.7.2015

Guðmundur Guðnason